Ábyrgð og hæfileikar.
2 blöð qto. Merkt:
Búandakarl.

3.

# Ábyrgd og hæfileikar.

Hæfileikar mannanna eru áreidanlega mismunandi, til þess ad inna af hendi hin ýmsu störf sem þeir takast sjálfir á hendur eda eru falin á hendur af ödrum. Hæfileikarnir geta ýmist verid miklir, midur gódir eda jafnvel engir, en sérhverju því starfi, sem menn takast á hendur, fylgir ábyrgd; undantekningarlaust sidferdisleg ábyrgd, en oft er einnig talad um annars konar ábyrgd, sem sé þá, ad menn bæti fyrir verk sín, ~~vid~~ vanrækt störf og illa unnin, med fjárútlátum eda jafnvel hegningu. Um sidferdislegu ábyrgdina er ekki ástæda til ad fjölyrda, því hún fylgir hverju ordi og verki mannsins eins og skuggi sjálfs hans, jafnvel þótt madurinn skilji eigi né skynji, hversu mikilvæg hún er, fyrir sjálfan hann og adra.

Hin sérstaka ábyrgd, sem menn tala oft svo mikid um og skírskota til þegar rætt er um mikilsverdandi störf eda stödur manna í þjódfélaginu, er oft og einatt ekki annad en fyrirlitleg blekking. Þad er oft talad um, ad bankastjórar – svo eitt dæmi sé tekid, af ótal mörgum –, beri ábyrgd í störfunum sínum. Jú, þess væri ad vænta, ad þeir 9 bankastjórar, sem sitja hér yfir tómum bönkunum med 24 þús. króna launum hver, flestir þeirra, bæru ábyrgd í starfsemi sinni. En getur nokkur madur bent á eitt einasta dæmi þess, ad nokkur bankastjóri hafi verid látinn sæta þeirri ábyrgd, sem hér um rædir, þó hann hafi lánad fé stofnunarinnar þeim mönnum, „sem fyrirsjáanlegt var, ad ekkert áttu eda gætu eignast neitt."

Þegar kosid er eda skipad í bankastjórastödur á þann hátt sem gjört var í Útvegsbankanum sídast: Ad þad eitt var nóg, ad sinn bankastjórinn væri úr hverjum flokki hinna rádandi stjórnmálaflokka í landinu og ad því er virdist án tillits til nokkurra hæfileika þeirra eda kunnáttu,

þá sjá víst flestir óspiltir og athugulir menn, hver ábyrgð það hefir verið, sem þeim var ætlað og því, að þeir voru valdir þannig, og er sennilegt að hún komi í ljós fyr eða síðar, ef hún er þá ekki þegar farin að sýna sig hver hún er.

Þegar valinn er fulltrúi þjóðarinnar til þess að vera erindreki hennar meðal erlendrar þjóðar, t.d. fisksölu-erindreki vor á Spáni og það er maður, sem vafasamt er um hvort þekkir karfa frá keilu, sjá allir hver ábyrgð honum er falin og hvað ábyrgð það er sem liggur á baki við slíkt val. Engar grafgötur þarf að fara til þess að leita uppi hæfileika slíks manns, jafnvel þótt hann hafi 30 þús. kr. að árs-launum.
Og hvar eru svo loks hæfileikarnir og ábyrgðin fyrir því að geta fyrirhafnar- og slyndru-laust komist í æðstu embætti landsins, uppí ráðherrastólana? Til þess að verða prestur, þarf að vígja manninn, veita honum embættið og setja hann inn í það. Svo er og um lækna, að þeir þurfa að hafa lokið læknisprófi, ljósmóðir að hafa lært nægilega mikið til þess að verða yfirsetukona, jafnvel þeir sem skipaðir eru til þess að lóga hunda, verða að sýna einhverja kunnáttu og þannig má lengi telja. En ráðherrar þurfa eiginlega ekkert að kunna; það virðist nægilegt til slíkrar stöðu að maðurinn sé bara eitthvert flón og eftir því verða orð hans og verk, eintóm flónska. Sama máli er að gegna með þingmannshæfileikana; þar er víst nægilegt, að frambjóðandinn sitji í einhverju helzta höfuðbóli landsins og drepi fénað sinn úr hor.

Þetta eru nú hæfileikarnir og slík er ábyrgðin, sem við heimtum af æðstu embættismönnum vorum, helztu trúnaðarmönnum og þeim sem helzt mætti vænta einhvers góðs af, en eru???

Búandkarl.